



.....
ÁRSSKÝRSLA 2016
.....

ANNUAL REPORT



ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS
REGISTERS ICELAND



ÁR STEFNUMÓTUNAR

Á tímum svo mikilla breytinga og hraða er lykilatriði fyrir Þjóðskrá Íslands að hafa skýra og sameiginlega sýn allra starfsmanna. Í vinnu við stefnumótun og gerð langtímastefnu fyrir tímabilið 2017-2020 liggur nú fyrir sammæli starfsmanna um hver kjarnaverkefni eru og hvaða markmiðum skuli unnið að á næstu árum. Mikil greiningarvinna er að baki en stofnunin hefur greint styrkleika og veikleika sína og betur komið auga á hvar hægt er að gera umbætur og hvernig megi hrinda þeim í framkvæmd. Nauðsynlegar samræður hafa átt sér stað við ytri hagsmunaaðila um þarfir þeirra í nútíð og náninni framtíð og hvernig þjónusta stofnunarinnar geti mætt þeim sem best.

Nýtt skipurit tók gildi 1. september 2016. Þar er settur lokapunkturinn á þá hugmyndafræði, sem hefur verið í þróun til margra ára, að verkefni stofnunarinnar skiptist heildrænt milli tveggja starfsstöðva. Verkefni eru þá unnin á landsvísu, en aðeins á einni starfsstöð. Þannig fer vegabréfaútgáfan eingöngu fram í Reykjavík, sem og mótun aðferðafræði fasteignamats og brunabótamats, skráning mannvirkja, skráning upplýsinga

í þjóðskrá og rekstur Ísland.is. Þjónustuver, skráning í kaup- og leiguskrá, landeignaskráning, sem og þróun og rekstur landupplýsingakerfa, er að öllu leyti á Akureyri. Í nýju skipuriti er ábyrgðarskipting starfssviðanna skerpt og aukin ábyrgð lögð á sviðsstjóra varðandi mannauð og fjárhag hvers sviðs.

Unnið verður að þeim markmiðum sem sett eru fram í langtímastefnunni í vel skilgreindum og afmörkuðum verkefnum, með skýrri ábyrgð. Mælikvarðar hafa verið lagðir til grundvallar, í þeirri viðleitni að tilgreina hvernig meginverkefnum miðar áfram og hvernig meta megi árangur umbóta.

Umfjöllun í þessari ársskýrslu fyrir starfsemi Þjóðskrár Íslands á árinu 2016 færir lesendum vonandi fróðleik um hin fjölbreytilegu verkefni sem þar falla undir og vaxandi umfang á nánast öllum sviðum.

Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands



THE YEAR

THE YEAR OF STRATEGIC MANAGEMENT

In the fast-moving, ever changing world of today, a key factor for Registers Iceland is to have a clear vision, common to all employees. Our newly reformed policy for 2017-2020 poses an agreement on defined core projects and common goals to achieve within the next few years. We have undertaken important self assessment, examining our strengths and weaknesses whilst shedding light on our prospects and options to move forward. Our service provision has been thoroughly analysed in discussion with our stakeholders; our aim being to serve their current, as well as future needs as best we can.

A new organisational chart took effect as of September 1st, 2016 laying the last brick in implementing a project based distribution of our functions, rather than location based, between our two regional offices. Accordingly, our Reykjavík office specialises in passport issuing matters, property inspection, validation and fire insurance valuation, registration of buildings, registration of nationals and e-government. Our customer service center is based in our Akureyri office, as well as registration of purchase agreements and lease contracts, land registration and geographical information system development. Each subject field now holds distinct professional responsibilities, finance and human resources.

A defined responsibility is assigned to our goals and performance indicators have been designated, in efforts to constantly measure progress and improvements. I hope the content of this year's annual report of Registers Iceland brings to the reader information on our diverse functions and illuminates the expansion being undertaken in almost all areas of Registers Iceland's operations.

Margrét Hauksdóttir, Director General of Registers Iceland

Margrét Hauksdóttir





HLUTVERK

ROLE


Hlutverk okkar er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir.

Our role is to facilitate people and businesses in society as well as to safeguard information on their rights and properties. We do this by collecting, preserving and disseminating information on people and properties.



- **Skráning í grunnskrár / Base registers**
 - Þjóðskrá / National Register
 - Fasteignaskrá / Property register
 - Lögræðisskrá / Legal competence register
- **Útgáfa vottorða / Certificates**
- **Ákvörðun fasteignamats / Property valuation**
- **Ákvörðun brunabótamats / Fire insurance valuation**
- **Kosningamál / Administrative support to elections**
- **Skilríkjaútgáfa / Issuing Credentials**
 - Vegabréf / Passports
 - Nafnskírteini / ID cards
 - Íslykill / IceKey
- **Ísland.is / Iceland.is National Portal**
- **Þinglýsingarkerfi / Land registration system**
- **Starfskerfi sýslumannsembætta / System operations for District Commissioners**
- **Tölvurekstrarþjónusta sýslumannsembætta / IT operation for District Commissioners**

SKIPURIT ORGANISATIONAL CHART




HVAR SEM ER - HVENÆR SEM ER ANYTIME - ANYWHERE

Markmið okkar er að veita fyrsta flokks þjónustu sem sparar viðskiptavinum spörin, **hvar sem er og hvenær sem er.**

Við vinnum markvisst að því að koma á aukinni samvinnu milli opinberra aðila um að samnýta upplýsingar og kerfi með snjallri upplýsingatækni.

Our aim is to offer exemplary service which saves the customer's time: **"Anytime - anywhere"**.

We are constantly working on better cooperation between governmental agencies in sharing information and systems with smart information technology.



746

FJÖLGUN SKRÁÐRA
LANDEIGNA Á ÁRINU
/ ADDED LAND ID'S
THIS YEAR

11.670

SKRÁÐIR
KAUPSAMNINGAR
/ REGISTERED
PURCHASE
AGREEMENTS

9.642

SKRÁÐIR
HÚSALEIGUSAMNINGAR
/ REGISTERED LEASE
CONTRACTS

4.995

FJÖLGUN SKRÁÐRA
FASTEIGNA Á ÁRINU
/ ADDED REAL
PROPERTY ID'S THIS
YEAR

ÞJÓNUSTUVER / CUSTOMER SERVICE CENTER

62.222

SÍMTÖL / PHONE CONTACTS

841

SVARBOX / ONLINE SERVICE

21.187

TÖLVUPÓSTAR / E-MAIL



UMFANG

SCOPE

338.450

Íbúar á Íslandi 1. desember 2016 / Icelandic residents December 1st. 2016

17.468

Útgefnar kennitölur / Issued personal identification numbers

24.136

Útgefin vottorð úr þjóðskrá / Issued certificates from the National Registry

71.510

Útgefin vegabréf / Issued passports

6.362 MILLJARÐAR KR. / 6,362 BILLION KR.

Heildarfasteignamat / Total property value

7.572 MILLJARÐAR KR. / 7,572 BILLION KR.

Heildarbrunabótamat / Total fire insurance value



UPPLÝSINGAÖRYGGI

MANAGING INFORMATION SAFELY



Þjóðskrá Íslands hefur nú haft BSI vottun á stjórnkerfi upplýsingaöryggis, samkvæmt ISO 27001 staðlinum, í tíu ár. Stjórnkerfið er í stöðugri þróun og á árinu betrubættum við ferla okkar á fjölmörgum sviðum.

Mikilvæg skref voru tekin í átt að auknu öryggi við notkun vegabréfa með aðild Þjóðskrár Íslands að alþjóðlegum vottorðagrunni vegabréfaútgefenda (ICAO-Public Key Directory), sem miðlar traustvottorðum rafrænna vegabréfa. Þá tókum við þátt í Evrópusamstarfi um aðgang að fingraförum í vegabréfum innan Evrópu.

For the past ten years, Registers Iceland has operated an information security management system which complies with ISO 27001 standards. The management system is constantly being developed and this year we made various reforms in a number of fields.

Registers Iceland is now a participant of the ICAO Public Key Directory central repository for exchanging the information required to authenticate ePassports. Furthermore we participated in a European cooperation regarding access to fingerprints in passports within Europe.





SJÁLFRVIRK

AUTOMATED

FLUTNINGAR

Á árinu var sjálfvirkni í rafrænni skráningu flutninga aukin svo að nú færast upplýsingarnar beint í Þjóðskrá, án aðkomu starfsmanns.

LEYFISVEITINGAR

Komin er í loftið frumgerð að leyfisveitingagátt á Ísland.is þar sem nauðsynleg gögn eru sótt sjálfvirk með rafrænum hætti. Unnið er að þróun gáttarinnar þannig að auðkenndir einstaklingar og lögaðilar geti sótt um leyfi til hverskyns atvinnurekstrar í öruggu umhverfi.

TILKYNNINGAR UM BREYTTA SKRÁNINGU FASTEIGNA

Allar tilkynningar um breytingar í fasteignaskrá berast nú sjálfkrafa með rafrænum hætti í pósthólf eigenda á Ísland.is. Heilmikil handavinna sparast með þessum umhverfisvæna samskiptamáta, villuhætta minnkar, og útlagður prent- og póstburðarkostnaður heyrir nú sögunni til.

CHANGE OF ADDRESSES

This year the electronic process of changing addresses was further automated as the information is now registered directly in the National Register.

PERMIT PORTAL

A prototype permit portal was released this year. Necessary data (e.g. certificates) is collected electronically. Further development will provide a safe platform with e-authentication where individuals and legal entities can apply for various business permits.

NOTIFICATION OF CHANGES IN REAL PROPERTY REGISTRATION

All notifications of changes in real property registration is now delivered electronically at the owner's personal ebox at the National portal, Island.is. As a result, a lot of time is saved, the risk of error is reduced and mail- and printing cost has vanished, not to mention the huge environmental benefit for all!



SKILVIRK EFFECTIVE

SKRÁNING VENSLA

72% barna hafa nú verið tengd kyn-, kjör- og/eða fósturforeldrum sínum, til viðbótar við hefðbundna skráningu forsjáraðila og lögheimilisforeldris. Foreldrar barna fædd 2003 eða síðar geta nálgast upplýsingar um börn sín á Ísland.is, án tillits til þess hvar börnin hafa skráð lögheimili eða hver fer með forsjá þeirra.

ÞJÓNUSTUVER

Nýtt skiptiborð var tekið í notkun í september. Þar hefur starfsfólk þjónustuværs aðgang að ítarlegri upplýsingum um viðveru annarra starfsmanna og fundahöld. Viðskiptavinir okkar fá þar með betri þjónustu og skjóttari úrlausn sinna mála.

REGISTRATION OF FAMILY RELATIONS

In addition to custodial and domiciliary parent registration, 72% of children have now been linked with their birth/adoptive/foster parents. Parents of children born in 2003 or later can be sure to find records of their children at the National portal Ísland.is, regardless of registered domicile or custody.

CUSTOMER SERVICE CENTER

In September, a new switchboard-interface was installed at telephone reception. More detailed information is now available to the receptionists, as well as information on all scheduled meetings. As a result, we can now offer better service and shorter response times.



SNJÖLL

SMART

VEGABRÉF

Á árinu var upplýsingaflæði aukið til muna og fá umsækjendur nú tölvupóst um stöðu vegabréfsumsóknna sinna og geta einnig fylgst með á Island.is.

LANDEIGNASKRÁ

Ný vefsja landeigna fór í loftið í maí og þar má nálgast myndrænar upplýsingar um afmörkun landeigna. Á sama tíma voru öll gögn landeignaskrár gerð aðgengileg til niðurhals á vef okkar, án endurgjalds.

BIRTING TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA UM FASTEIGNAMARKAÐINN

Nú er hægt að skoða talnaefni á vef Þjóðskrár Íslands með nýrri framsetningu í gegnum gagnvirk mælaborð sem eru alfarið þróuð innanhúss og byggja á opnum, gjaldfrjálsum hugbúnaði.

KAUP OG LEIGUVERÐSJÁ

Ný nútímaleg kaup- og leiguverðsjá er komin í loftið. Hún sýnir upplýsingar bæði á korti og línuritum og virkar í öllum stærðum snjalltækja. Til viðbótar við kaupverð íbúðarhúsnæðis birtum við nú leiguverð þess og einnig kaupverð sumarbústaða.

PASSPORTS

This year we improved our customer service. Applicants are now informed on the status by e-mail and at their ebox at the National portal, Island.is.

CADASTRAL MAP

In May, the digital cadastral map was released for the first time as a web map. At the same time the cadastral dataset was made available for download at our web, free of charge.

PUBLICATION OF STATISTICS ON THE REAL PROPERTY MARKET

Publication of statistics on our web was modernized this year. Now, users can access a graphic representation of information made available by using an open source software.

REAL PROPERTY PRICE PORTAL

A new real property price portal has now been released, where information on property purchase and lease rates can be accessed in various forms. The portal is compliant with all smart devices.




MEÐMÆLENDAKERFI

Á árinu var tekið í notkun nýtt rafrænt kerfi fyrir skráningu meðmælenda í aðdraganda kosninga. Kerfið veitir framboðum jafnóðum upplýsingar um fjölda gildra meðmæla á listum. Að auki getur almenningur nálgast upplýsingar um eigin skráningu á meðmælendalista.

CANDIDATE SPONSOR PORTAL

A new portal for registering and verifying declared endorsers in the run-up to elections was released this year. The portal provides immediate verification of listed endorsers. The general public can also use the portal to see if they have been registered as a sponsor to a candidate.



Nú er hægt að nota innskráningu á Ísland.is til að skrá sig með öruggum hætti inn á tæplega **275** vefi hjá 250 þjónustuveitendum.

The National Portal Login Service now provides secure e-authentication for almost 275 websites hosted by some **250** different service providers.



4,4 MILLJÓNIR innskráningar með innskráningarþjónustu Ísland.is. Þar af 3,6 milljónir með Íslykli og 0,8 milljónir með rafrænum skilríkjum.

4.4 million logins with the National Portal Login service. Thereof 3.6 million using the IceKey and **0.8 MILLION** with an e-certificate.



VIÐSNÚNINGUR Í REKSTRI SURPLUS IN 2016

Á árinu 2016 varð 108,5 m.kr. tekjuafgangur. Árið 2015 var halli af almennum rekstri 117,5 m.kr., sem þýðir viðsnúning upp á 226 m.kr.

Afgangur af almennum rekstri skýrist í fyrsta lagi af auknum tekjum, en tekjur hafa hækkað um 212,9 m.kr. eða 16,9% milli ára. Magnaukning hefur átt sér stað, þ.e. aukin sala á upplýsingum, auk þess sem gjaldskráin var hækkuð 15. febrúar 2016 um 5% að jafnaði. Gjöld hafa lækkað um 1,3% milli ára, en þar munar mestu að kaup á vegabréfum eru um 75 m.kr. lægri en árið áður. Einnig hefur gengið vel að lækka annan kostnað með endurskoðun á þjónustukaupum, m.a. á tölvuþjónustu. Annað er að stofnunin fékk 30 m.kr. framlag á fjáráukalögum vegna aukinnar útgáfu á vegabréfum. Í lokafjárlögum vegna ársins 2015 var samþykkt að Þjóðskrá Íslands fengi til ráðstöfunar 49,1 m.kr., áður fært sem bundið eigið fé upp í neikvæða stöðu höfuðstóls ÞÍ í árslok 2015.

Höfuðstólsreikningur stofnunarinnar í árslok 2016 fer úr því að vera neikvæður upp á 106,1 m.kr. í að vera jákvæður upp á 29,7 m.kr. Eigið fé alls fer úr því að vera neikvætt upp á 56,9 m.kr. í að vera jákvætt upp á 51,5 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 507,4 m.kr., skuldir 455,9 m.kr. og eigið fé 51,5 m.kr. í árslok 2016.

Registers Iceland had a surplus of 108.5 million ISK in 2016. Compared to the 117.5 million ISK deficit of 2015 there was a turnaround of 226 million ISK.

This development can be explained with a 212.9 million ISK increase in revenue or 16.9% increase. There was increased demand for information sold by Registers Iceland as well as a price increase of 5% on average from the 15th of February 2016. Expenditures decreased by 1.3% between 2015 and 2016; one of the main reasons is that Registers Iceland acquired passports totaling 75 million ISK less than in 2015 as well as other costs such as computer services were lower. Registers Iceland also received a 30 million ISK increase in government funding for passport purchases. In the final government budget for 2015 it was decided that Registers Iceland could allocate 49.1 million ISK that was previously bound equity due to negative equity of Registers Iceland at the end of 2015.

The principal of Registers Iceland has experienced a turnaround from a negative position of 106.1 million ISK to a surplus of 29.7 million ISK. Equity was negative of 56.9 million ISK but at the end of 2016 it was positive, 51.5 million ISK. The balance sheet of 2016 shows assets of 507.4 million ISK, liabilities of 455.9 million ISK and total equity of 51.5 million ISK.

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2016 / BALANCE SHEET 2016

	2016	2015
Eignir / Assets		
Veltufjármunir / Current assets		
Viðskiptakröfur / Accounts receivable *	475.147.869	402.432.117
Handbært fé / Cash *	<u>32.296.156</u>	<u>58.668.836</u>
	<u>507.444.025</u>	<u>461.100.953</u>
Eignir alls / Total assets	<u>507.444.025</u>	<u>461.100.953</u>
Eigið fé og skuldir / Equity and liabilities		
Eigið fé / Equity		
<i>Höfuðstóll / Principal:</i>		
Höfuðstóll í ársbyrjun / Principal, beginning of year *	(106.064.065)	44.104.071
Breyting v/lokafjárlaga, bundið eigið fé / Governmental budget change, bound equity *	49.100.000	0
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins / Earnings (deficit) *	<u>86.693.854</u>	<u>(150.168.136)</u>
Höfuðstóll / Principal	<u>29.729.789</u>	<u>(106.064.065)</u>
<i>Annað eigið fé / Other equity:</i>		
Bundið eigið fé / Bound equity *	<u>21.800.000</u>	<u>49.100.000</u>
Annað eigið fé / Other equity:	<u>21.800.000</u>	<u>49.100.000</u>
Eigið fé / Equity	<u>51.529.789</u>	<u>(56.964.065)</u>
Skuldir / Liabilities		
Skammtímaskuldir / Short term debt		
Ríkissjóður / Treasury *	402.052.890	375.001.356
Viðskiptaskuldir / Accounts payable *	<u>53.861.346</u>	<u>143.063.662</u>
Skuldir	<u>455.914.236</u>	<u>518.065.018</u>
Eigið fé og skuldir alls / Total equity and liabilities	<u>507.444.025</u>	<u>461.100.953</u>



* ISK

REKSTRARREIKNINGUR ÁRÍÐ 2016 / INCOME STATEMENT 2016

	2016	2015		
Tekjur / Revenue				
Sértekjur / Own revenue *	184.460.355	127.340.360	57.119.995	44,9%
Brunabótamatsgjald og aðrar markaðar tekjur / Fire insurance and other assigned revenue *	258.863.758	216.544.433	42.319.325	19,5%
Fasteignamatsgjald / Property valuation fee *	376.000.612	343.253.658	32.746.954	9,5%
Gjald fyrir rafræn veðbandayfirlit / Fee for electronic lien summary *	207.193.450	191.806.750	15.386.700	8,0%
Aðrar rekstrartekjur / Other revenue *	445.089.476	379.729.568	65.359.908	17,2%
	<u>1.471.607.651</u>	<u>1.258.674.769</u>	212.932.882	16,9%
Gjöld / Expenditure				
Laun og launatengd gjöld / Salaries and related expenses *	1.040.492.869	965.986.073	74.506.796	7,7%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður / Office and management expenses *	96.746.443	132.726.994	(35.980.551)	-27,1%
Funda- og ferðakostnaður / Meeting and travel expenses *	35.912.103	25.325.905	10.586.198	41,8%
Aðkeypt sérfræðipjónusta / Professional services *	207.068.423	195.501.910	11.566.513	5,9%
Rekstrarvörur / Inventory *	106.558.355	181.727.932	(75.169.577)	-41,4%
Annar rekstrarkostnaður / Other operational expenses *	25.821.300	29.723.965	(3.902.665)	-13,1%
Húsnæðiskostnaður / Facilities *	95.919.431	90.978.453	4.940.978	5,4%
	<u>1.608.518.924</u>	<u>1.621.971.232</u>	(13.452.308)	-0,8%
Eignakaup / Assets purchased *	25.692.388	33.627.114	(7.934.726)	-23,6%
	<u>1.634.211.312</u>	<u>1.655.598.346</u>	(21.387.034)	-1,3%
Tekjuhalli fyrir hreinar fjármunatekjur / EBIT	(162.603.661)	(396.923.577)	234.319.916	-59,0%
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld) / Capital income (capital cost) *	9.297.515	4.555.441	4.742.074	104,1%
Tekjuhalli fyrir ríkisframlag / Deficit before state contribution	(153.306.146)	(392.368.136)	239.061.990	-60,9%
Ríkisframlag / State contribution *	261.800.000	274.900.000	(13.100.000)	-4,8%
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins / Earnings (deficit)	<u>108.493.854</u>	<u>(117.468.136)</u>	225.961.990	-192,4%

* ISK




UM OKKUR ABOUT US

21% SPILA Á HLJÓÐFÆRI

71% KÝS AÐ DREKKA KAFFI,
14% TE OG **14%** HVORUGT

68% OKKAR ERU GIFT



UM HELMINGUR OKKAR ER FÆDDUR
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU,
UM **40%** ANNARSTAÐAR Á LANDINU
OG TÆP **10%** ERLendis

TÆP 30% EIGA HUND, KÖTT
EÐA BÆÐI HUND OG KÖTT.

VIÐ EIGUM AÐ MEÐALTALI
2,6 BÖRN Á MANN